

# PERSÓNUVERNDARTILKYNNING

## 1. Persónuupplýsingar sem við söfnum

Stefna okkar um verndun persónuupplýsinga stjórnar notkun og vistun þinna persónuupplýsinga. Þú getur séð okkar **Stefnu um verndun persónuupplýsinga** [hér](#).

Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga sem þú veitir okkur. Við söfnum eftirfarandi gerðum persónuupplýsinga frá þér:

Við tökum niður nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og ýmsar aðrar persónuupplýsingar. Heyrnarmælingar, tækjastillingar og önnur samskipti.

## 2. Af hverju söfnum við persónuupplýsingum

Við þurfum persónuupplýsingar þínar til að veita þér eftirfarandi þjónustu:

Upplýsingarnar verða notaðar til þess að veita lögbundna heilbrigðisþjónustu og til að þjónusta viðkomandi eftir þörfum.

## 3. Það sem við gerum með persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar þínar eru unnar hjá Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands í Reykjavík. Hýsing og vistun gagna þinna fer fram í netþjónum hjá Advania og Origo, sem eru staðsettir í Reykjavík, Íslandi.

Engir þriðju aðilar hafa aðgang að gögnum þínum, nema slíkur aðgangur byggir á lögum eða réttarheimildum.

## 4. Hve lengi vistum við persónuupplýsingar

Samkvæmt lögum um **Sjúkraskrár** er nauðsynlegt að vista persónuupplýsingar þínar **[5 ár]** í samræmi við **Stefna um skjalavistun persónuupplýsinga**. Eftir þann tíma er persónulegum gögnum þínum eytt með óafturkræfum hætti. Allar persónuupplýsingar sem við notum til markaðsetningar eða til að tilkynna um uppfærslu á þjónustu, verða geymdar hjá okkur þar til þú tilkynnir okkur að þú viljir ekki lengur fá þessar tilkynningar. Sjá **Stefna um skjalavistun persónuupplýsinga** til að fá frekari upplýsingar um varðveislu persónuupplýsinga. Skv lögum ber að geyma sjúkraskrár til framtíðar hjá stofnuninni eða á Þjóðskjalasafni. Þau gögn eru ýmist geymd á rafrænu formi eða skjalaformi.

## 5. Hver eru réttindi þín?

Ef þú heldur að persónuupplýsingar sem við vistum séu rangar eða ófullnægjandi, þá getur þú óskað eftir því að fá þessar upplýsingar, leiðréttar þær eða eyða þeim. Vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum **Eyðublað fyrir beiðnir skráðs einstaklings**.

Ef þú vilt kvarta um hvernig við höfum séð um persónuupplýsingar þínar skaltu hafa samband við Persónuverndarfulltrúa á [personuvernd@hti.is](mailto:personuvernd@hti.is) eða skriflega á Heyrnar- og talmeinaastöð Ísland, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík, Ísland. Persónuverndarfulltrúi okkar mun þá meðhöndla kvörtun þína og vinna með þér til að leysa málið.

Ef þér finnst eftir afgreiðslu Persónuverndarfulltrúa á erindi þínu, að persónuupplýsingar þínar hafi ekki verið meðhöndlaðar á viðeigandi hátt samkvæmt lögum, geturðu haft samband við Persónuvernd og sent inn kvörtun til þeirra.